

HEILSA

SPURNINGAR OG SVÖR

1.	Hver er vefslóðin á Heilsu?	2
2.	Hvernig fæ ég aðgang?	2
3.	Hvernig skrái ég sjúkdómsgreiningu og lyfjameðhöndlun?	2
4.	Hvernig skrái ég lyf sem gefið er samtímis öðru?	3
5.	Hvernig skrái ég sjúkdóm sem greindist samtímis öðrum?	3
6.	Hvernig skrái ég fyrirbyggjandi meðhöndlun, t.d. ormalyfjagjöf?	3
7.	Hvernig skrái ég aðgerð, t.d. geldingu?	3
8.	Hvernig skrái ég lyf sem afhent er umráðamanni til notkunar í ótilgreinda gripi?	3
9.	Hvernig get ég séð hvort umráðamaður hefur fengið afhent lyf til notkunar í ótilgreinda gripi?	3
10.	Hvernig skrái ég sýnatöku?	4
11.	Hvernig prenta ég út lyfseðil?	4
12.	Hvernig breyti ég eða eyði skráningu á lyfjagjöf?	4
13.	Hvernig breyti ég eða eyði sjúkdómsgreiningu?	4
14.	Hvernig breyti ég eða eyði skráningu á vitjun?	4
15.	Hvar finn ég lista yfir gripi bús eða tiltekins einstaklings?	5
16.	Hvar finn ég yfirlit yfir vitjanir sem skráðar hafa verið á bú?	5
17.	Hvar finn ég heilsukort bús?	5
18.	Hvar finn ég yfirlit yfir sjúkdómsgreiningar sem skráðar hafa verið á bú?	5
19.	Hvar finn ég yfirlit yfir lyfjagjafir sem skráðar hafa verið á bú?	5
20.	Hvar finn ég yfirlit yfir sýni sem tekin hafa verið á bú?	5
21.	Hvar finn ég heilsukort grips?	6
22.	Hvernig skrái ég undanþágulyf?	6
23.	Hvar finn ég upplýsingar um lyf?	6
24.	Hvar finn ég yfirlit yfir valmöguleika fyrir sjúkdómsgreiningar?	6

1. HVER ER VEFSLÓÐIN Á HEILSU?

Vefslóðin er: www.bufjarheilsa.is

2. HVERNIG FÆ ÉG AÐGANG?

Sendu tölvupóst á dagbjort.runarsdottir@mast.is með upplýsingum um nafn og kennitölu.

3. HVERNIG SKRÁI ÉG SJÚKDÓMSGREININGU OG LYFJAMEÐHÖNDLUN?

1. Smelltu á „skrá vitjun“ á vinstri væng.
2. Skráðu dagsetningu og tegund (hvort um er að ræða vitjun eða símtal).
3. Skráðu dýr:
 - a. Ef þú ert með einstaklingsnúmer nautgrips eða hests veldu þá „einstaklingsnúmer“ í reitnum „dýr“ og sláðu það svo inn í reitinn fyrir neðan.
 - b. Ef þú ert með örmerki hests veldu þá „örmerki“ í reitnum „dýr“ og sláðu það svo inn í reitinn fyrir neðan.
 - c. Nautgripur: Ef þú ert með heiti eða númer bús veldu þá „nautgripur“ í reitnum „dýr“ og sláðu svo inn heiti eða númer bús í reitinn „bú“.
 - d. Hross: Ef þú ert með nafn eða kennitölu eiganda veldu þá „hross“ í reitnum „dýr“ og sláðu svo inn nafn eða kennitölu eiganda í reitinn „eigandi“.
4. Ef þú hefur farið leið c eða d hér smellir þú næst á viðkomandi grip/gripi í listanum sem birtist og síðan á efri örina milli reitanna og færir þannig gripinn/gripina yfir í reitinn til hægri.
5. Skráðu klínísku greiningu með því að slá inn heiti og velja úr valmöguleikum sem upp koma.
6. Ef um er að ræða grun um tilkynningarskyldan sjúkdóm skráðu hann í viðeigandi reit með því að slá inn heiti og velja úr valmöguleikum sem upp koma.
7. Ef sjúkdómur finnst ekki í ofangreindum reitum má setja greininguna í reitinn „athugasemd“.
8. Skráðu lyf með því að slá inn heiti lyfsins og velja úr valmöguleikum sem upp koma.
9. Skráðu skammt, einingu og aðferð.
10. Skráðu heildarmagn.
11. Smelltu í reitinn „eigandi gefur“, ef við á.
12. Skráðu hvenær lyfið skal síðast gefið, ef við á.
13. Skráðu notkunarleiðbeiningar, ef við á.
14. Skráðu fyrningartíma lyfsins. Kerfið setur inn þann fyrningartíma sem þú skráðir síðast fyrir viðkomandi lyf. Þú breytir honum ef við á.
15. Skráðu lotunúmer lyfsins. Kerfið setur inn það lotunúmer sem þú skráðir síðast fyrir viðkomandi lyf. Þú breytir því ef við á.
16. Skráðu gildistíma lyfseðils, ef við á.
17. Skráðu biðtíma slátrunar, ef við á. Kerfið setur í sumum tilvikum inn tillögu að biðtíma. Þú getur breytt honum, ef við á.
18. Skráðu flutningsbann, ef við á.
19. Skráðu biðtíma mjólkursölu, ef við á.
20. Skráðu keppnisbann, ef við á.
21. Smelltu í reitinn „annað lyf“, ef þú hefur gefið fleiri lyf.

4. HVERNIG SKRÁI ÉG LYF SEM GEFIÐ ER SAMTÍMIS ÖÐRU?

Smelltu á „annað lyf“ þegar þú hefur fært inn sjúkdómsgreiningu og lyfjagjöf.

Ef þú hefur gleymt að færa inn lyf og ert þegar búin að smella á „skrá“ getur þú smellt á örina aftan við sjúkdómsgreininguna í glugganum „vitjun“, sem opnast eftir að þú smellir á skrá, og velur þar „skrá lyfjagjöf“.

5. HVERNIG SKRÁI ÉG SJÚKDÓM SEM GREINDIST SAMTÍMIS ÖÐRUM?

Þegar þú hefur smellt á „skrá“, eftir að þú hefur fært inn sjúkdómsgreiningu og lyfjagjöf, opnast gluggi þar sem þú sérð það sem þú ert búin að skrá.

Til að skrá sjúkdóm sem greindist samtímis þeim sem þú ert búin að skrá, smellir þú á örina aftan við númer og nafn gripisins og velur þar „skrá aðra sjúkdómsgreiningu“.

6. HVERNIG SKRÁI ÉG FYRIRBYGGJANDI MEÐHÖNDLUN, T.D. ORMALYFJAGJÖF?

Skráning á fyrirbyggjandi meðhöndlun er eins og skráning á sjúkdómum.

Sláðu inn orðið „fyrirbyggjandi“ í reitinn „klínísk greining“ og veldu svo þann valmöguleika sem við á. Þú getur líka slegið inn einhvern hluta af því sem um er að ræða t.d. „ormalyf“ og þá færðu upp valmöguleikann „ormalyfjagjöf“.

7. HVERNIG SKRÁI ÉG AÐGERÐ, T.D. GELDINGU?

Skráning á aðgerðum er eins og skráning á sjúkdómum.

Sláðu inn orðið „aðgerð“ í reitinn „klínísk greining“ og veldu svo þann valmöguleika sem við á. Þú getur líka slegið inn einhvern hluta af því sem um er að ræða t.d. „gelding“ og þá færðu upp valmöguleika fyrir geldingu.

8. HVERNIG SKRÁI ÉG LYF SEM AFHENT ER UMRÁÐAMANNI TIL NOTKUNAR Í ÓTILGREINDA GRIPI?

1. Smelltu á „lyfjaskápur“ á vinstri væng.
2. Smelltu á „skrá“ og þá opnast gluggi þar sem þú færir inn heiti eða númer bús, eða kennitölu eiganda, upplýsingar um sjúkdóm sem lyfið er ætlað fyrir og upplýsingar um lyfið sjálft og notkunarleiðbeiningar.

9. HVERNIG GET ÉG SÉÐ HVORT UMRÁÐAMAÐUR HEFUR FENGIÐ AFHENT LYF TIL NOTKUNAR Í ÓTILGREINDA GRIPI?

1. Smelltu á „lyfjaskápur“ á vinstri væng.
2. Smelltu á „leita“ og sláðu inn heiti eða númer bús eða umráðamanns.

10. HVERNIG SKRÁI ÉG SÝNATÖKU?

1. Smelltu á „skrá vitjun“ á vinstri væng.
2. Skráðu dagsetningu og tegund (hvort um er að ræða vitjun eða símtal).
3. Skráðu dýr:
 - a. Ef þú ert með einstaklingsnúmer nautgrips eða hests veldu þá „einstaklingsnúmer“ í reitnum „dýr“ og sláðu það svo inn í reitinn fyrir neðan.
 - b. Ef þú ert með örmerki hests veldu þá „örmerki“ í reitnum „dýr“ og sláðu það svo inn í reitinn fyrir neðan.
 - c. Nautgripur: Ef þú ert með heiti eða númer bús veldu þá „nautgripur“ í reitnum „dýr“ og sláðu svo inn heiti eða númer bús í reitinn „bú“.
 - d. Hross: Ef þú ert með nafn eða kennitölu eiganda veldu þá „hross“ í reitnum „dýr“ og sláðu svo inn nafn eða kennitölu eiganda í reitinn „eigandi“.
4. Veldu sýnategund og rannsóknarstofu neðst á síðunni.

11. HVERNIG PRENTA ÉG ÚT LYFSEÐIL?

Þegar þú hefur smellt á „skrá“, eftir að þú hefur fært inn sjúkdómsgreiningu og lyfjagjöf, opnast gluggi þar sem þú sérð það sem þú ert búin að skrá.

Til að kalla fram lyfseðil smellir þú á örina aftan við lyfið og velur þar „lyfseðil“. Til að prenta lyfseðilinn út smellir þú á prentaratáknid efst í hægra horni lyfseðilsins. **PRENTARATÁKNIÐ ER FALIÐ ÞAR SEM ÞETTA ER EKKI GILDUR LYFSEÐILL ENN SEM KOMIÐ ER. ÞÚ VERÐUR LÁTIN VITA ÞEGAR BREYTING VERÐUR Á ÞVÍ.**

12. HVERNIG BREYTI ÉG EÐA EYÐI SKRÁNINGU Á LYFJAGJÖF?

Í glugganum „vitjun“, sem kemur upp eftir að þú smellir á „skrá“ smellir þú á örina aftan við viðkomandi lyf og smellir á „nánar um lyf“. Þá færðu upp glugga þar sem þú getur smellt á „breyta“ eða „eyða“.

Þú getur líka breytt eða eytt skráningu á lyfjagjöf með því að fara í „heilsukort grips“ og smella á ör aftan við viðkomandi lyf og síðan „nánar um vitjun“ og þá ertu komin í sama glugga og lýst er hér að ofan.

13. HVERNIG BREYTI ÉG EÐA EYÐI SJÚKDÓMSGREININGU?

Í glugganum „vitjun“, sem kemur upp eftir að þú smellir á „skrá“ smellir þú á örina aftan við sjúkdómsgreininguna og smellir á „nánar um sjúkdómsgreiningu“. Þá færðu upp glugga þar sem þú getur smellt á „breyta“ eða „eyða“. (Ef þú hefur skráð lyfjagjöf sem tengist þessari greiningu þarftu að eyða henni fyrst).

Þú getur líka breytt eða eytt sjúkdómsgreiningu með því að fara í „heilsukort grips“ og smella á ör aftan við viðkomandi sjúkdómsgreiningu og síðan „nánar um vitjun“ og þá ertu komin í sama glugga og lýst er hér að ofan.

14. HVERNIG BREYTI ÉG EÐA EYÐI SKRÁNINGU Á VITJUN?

Í glugganum „vitjun“, sem kemur upp eftir að þú smellir á „skrá“ smellir þú á örina aftan við númer og nafn grips og smellir á „nánar um vitjun“. Þá færðu upp glugga þar sem þú getur smellt á „breyta“ eða „eyða“. (Ef þú hefur skráð sjúkdómsgreiningu og lyfjagjöf sem tengist þessari greiningu þarftu að eyða þeim fyrst – fyrst lyfinu og síðan sjúkdómnum).

Þú getur líka breytt eða eytt vitjun með því að fara í „heilsukort grips“ og smella á ör aftan við númer og nafn grips og síðan „nánar um vitjun“ og þá ertu komin í sama glugga og lýst er hér að ofan.

15. HVAR FINN ÉG LISTA YFIR GRIPI BÚS EÐA TILTEKINS EINSTAKLINGS?

1. Smelltu á „bú“ á vinstri væng (eða sláðu inn heiti eða númer bús í reitinn efst í vinstra horninu).
2. Sláðu inn heiti bús.
3. Smelltu á „velja bú“ í aftasta dálk töflunnar.
4. Smelltu á flipann „gripir“.
5. Smelltu á stækkunargler í línunni fyrir þá dýrategund sem þú vilt fá lista yfir.

16. HVAR FINN ÉG YFIRLIT YFIR VITJANIR SEM SKRÁÐAR HAFU VERIÐ Á BÚ?

1. Smelltu á „bú“ á vinstri væng (eða sláðu inn heiti eða númer bús í reitinn efst í vinstra horninu).
2. Sláðu inn heiti bús.
3. Smelltu á „velja bú“ í aftasta dálk töflunnar.
4. Smelltu á flipann „vitjanir“.

17. HVAR FINN ÉG HEILSUKORT BÚS?

1. Smelltu á „bú“ á vinstri væng (eða sláðu inn heiti eða númer bús í reitinn efst í vinstra horninu).
2. Sláðu inn heiti bús.
3. Smelltu á „velja bú“ í aftasta dálk töflunnar.
4. Smelltu á flipann „vitjanir“.
5. Smelltu á „heilsukort búsins“.

18. HVAR FINN ÉG YFIRLIT YFIR SJÚKDÓMSGREININGAR SEM SKRÁÐAR HAFU VERIÐ Á BÚ?

1. Smelltu á „bú“ á vinstri væng (eða sláðu inn heiti eða númer bús í reitinn efst í vinstra horninu).
2. Sláðu inn heiti bús.
3. Smelltu á „velja bú“ í aftasta dálk töflunnar.
4. Smelltu á flipann „sjúkdómsgreiningar“.

19. HVAR FINN ÉG YFIRLIT YFIR LYFJAGJAFIR SEM SKRÁÐAR HAFU VERIÐ Á BÚ?

1. Smelltu á „bú“ á vinstri væng (eða sláðu inn heiti eða númer bús í reitinn efst í vinstra horninu).
2. Sláðu inn heiti bús.
3. Smelltu á „velja bú“ í aftasta dálk töflunnar.
4. Smelltu á flipann „lyfjagjafir“.

20. HVAR FINN ÉG YFIRLIT YFIR SÝNI SEM TEKIN HAFU VERIÐ Á BÚ?

1. Smelltu á „bú“ á vinstri væng (eða sláðu inn heiti eða númer bús í reitinn efst í vinstra horninu).
2. Sláðu inn heiti bús.
3. Smelltu á „velja bú“ í aftasta dálk töflunnar.
4. Smelltu á flipann „sýni“.

21. HVAR FINN ÉG HEILSUKORT GRIPS?

1. Smelltu á „gripur“ á vinstri væng.
2. Sláðu inn nafn eða númer grips.
3. Smelltu á nafn eða númer grips í töflunni.

22. HVERNIG SKRÁI ÉG UNÐANÞÁGULYF?

1. Smelltu á „lyf“ á vinstri væng.
2. Smelltu á „skrá“.
3. Settu inn upplýsingar um lyfið og smelltu síðan á „skrá“. (Lyfið verður aðgengilegt til skráningar fyrir þig en ekki aðra).

23. HVAR FINN ÉG UPPLÝSINGAR UM LYF?

1. Smelltu á „lyf“ á vinstri væng.
2. Sláðu inn heiti lyfs og smelltu síðan á „leita“. Ef þú veist ekki heiti lyfsins þá getur þú smellt beint á „leita“ og fengið lista yfir öll lyf.
3. Smelltu á heiti lyfsins í töflunni. Þá færðu upplýsingar úr sérlyfjaskrá og getur smellt á „fylgiseðill“ til að fá hann eða „SmPC“ til að fá samantekt á eiginleikum lyfsins.

24. HVAR FINN ÉG YFIRLIT YFIR VALMÖGULEIKA FYRIR SJÚKDÓMSGREININGAR?

1. Smelltu á „sjúkdómur“ á vinstri væng og á „leita“.
2. Veldu hvort þú vilt fá lista yfir klínískar greiningar eða tilkynningarskylda sjúkdóma í reitnum „sjúkdómstegund“ og smelltu síðan á „leita“.